Hafnarfjarðarbær
Innk:
Málsnr: 1006286
Bréfal:

Hafnarfjörður 30. nóvember 2012

Umsögn þessi berist Fræðsluráði Hafnarfjarðar

Umsögn um umhverfis og auðlindastefnu fyrir Hafnarfjörð.

Foreldraráð leikskólans Hlíðarbergs hefur tekið til umsagnar Umhverfis- og auðlindastefnu fyrir Hafnarfjörð. Ráðið fagnar metnaðarfullri stefnu og lýsir ánægju sinni með það starf sem áætlað er að vinna í tengslum við hana. Að sama skapi fögnum við því að samráð sé haft við hagsmunasamtök leikaskólabarna um svo mikilvæg málefni.

Eftirfarandi atriði viljum við í Foreldraráðinu taka fram:

- Loftlagsmælingar. Staðsetning á leikskólanum er við mjög stórar umferðaræðar. Við höfum áhyggjur af loftgæðum á leikskólalóðinni. Við myndum vilja sjá mæla á fleiri stöðum í Hafnarfirði og væri æskilegt að niðurstöður mælinga væri aðgengilegar almenningi, t.d. á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar.
- Mat á árangri stefnumótunnar. Foreldraráðið telur nauðsynlegt að meta árangurinn með reglubundnum hætti og teljum við 4 ára tímarammann vera of langan.
- Vistvænar samgöngur. Tiltekið er í skýrslunni að ein af aðgerðunum sé rekstur frístundabíls en bent skal á að frístundabílinn er ekki í rekstri lengur. Foreldraráðið hvetur til þess að ferðum hjá Strætó sé fjölgað.
- Vistvæn innkaupastefna. Foreldraráðið er ánægt með áherslu á vistvæn innkaup fyrir leikskólann og telja það mjög mikilvægt mál. Foreldrar eru ekki tilbúnir til þess að taka á sig aukinn kostnað og hvetja bæjarfélagið til þess að leitast við að ná sem hagkvæmustum innkaupum á vistvænum vörum án þess að það skili sér í gjaldskrárhækkun.
- Aðgengi að vatni. Foreldraráðið fagnar því að bæta eigi aðgengi barna að vatni.
- Nýting náttúru- og menningarminja í nágrenni Hafnarfjarðar. Foreldraráðið sér mikil tækifæri á samstarfi leikskólans og foreldra í að nýta þá uppbyggingu sem gerð hefur verið á náttúru- og menningarminjum Hafnarfjarðar til nýtingar og fræðslu til handa börnum.

Með vinsemd og virðingu,
Foreldraráð leikskólans Hlíðarbergs,

Heiða Gunnars. Lára Hafberg Steinar Bragason

Heiða Gunnarsdóttir Lára Hafberg Steinar Bragason

Hafnarfjarðarbær
Innk: 3. 12. 2012
Málsnr: 121021
Bréfal: 460